


LANDFRÆÐILEGUR UPPLÝSINGAGRUNNUR (GIS) FYRIR NORÐURSTRANDARLEIÐ




Handbók um notkun landfræðilegs upplýsingagrunns

sem tækis til skipulagningar umbóta á eða
uppbyggingu innviða á Norðurstrandarleið



EFNISYFIRLIT

- 1 Inngangur
- 2 Hvers vegna þarf skipulagða uppbyggingu innviða á Norðurstrandarleið?
- 3 Ávinningur fyrir svæðin
- 4 Áætlun um uppbyggingu innviða
- 5 Skilgreining „áhugaverðra staða“ og ábendingar varðandi skipulag
- 6 Leiðbeiningar um notkun landfræðilegs upplýsingagrunns Norðurstrandarleiðar
- 7 Hugleiðingar varðandi hönnun og uppbyggingu svæða
- 8 Ráðleggingar varðandi vegvísa og upplýsingaskilti
- 9 Ábendingar varðandi salerni og sorpílát
- 10 Dæmi um landslagshönnun sem laðar að ferðamenn



1 INNGANGUR



INNGANGUR

Markmið handbókarinnar er að **styðja sveitarfélögin sem Norðurstrandarleið liggur um** í því að byggja upp innviði á leiðinni. Innviðirnir eru lykilatriði fyrir gang verkefnisins og þess vegna verður hluti fjármagnsins sem Norðurstrandarleið var úthlutað notaður í þessum tilgangi. Innviðina skal **byggja upp til framtíðar** og með þeim hætti að Norðurstrandarleið geti **orðið alþjóðleg fyrirmynd fyrir vel heppnaða ferðamannaleið á fáförnum svæðum**. Innviðunum er ætlað að auka öryggi ferðamanna og auka á upplifun þeirra af því að aka um stórkostlegt landslag og uppgötva náttúruperlu.

Með upplýsingum frá Vegagerðinni og prófunarakstri víðs vegar um leiðina var aflað þekkingar á grunninnviðum vegakerfisins. Upplýsingar hafa einnig verið skráðar í kjölfar íbúafunda í sveitarfélagunum á Norðurstrandarleið, s.s. um staði með nýja innviði sem eru til þess fallnir að styðja við upplifun ferðamanna af Norðurstrandarleið og tengjast hennar helsta aðdráttarafli: Orðunum „norður“ og „strönd“ (sjá 5. kafla). Eftir þessa vinnu voru teknir út staðir sem gætu orðið **„áhugaverðir staðir“**. Margir af þessum stöðum eru nú þegar vinsælir meðal ferðamanna og þeir staldra þar

gjarnan við til að taka myndir, en á fæstum þeirra eru góðar aðstæður til þess að leggja bílum. Staðirnir eru ekki nógu öryggir og þar skortir innviði sem þjóna þörfum ferðamanna.

Ferðamenn ferðast um Norðurstrandarleið fyrst og fremst til þess að upplifa kraftinn frá náttúrunni. Þetta er í takt við okkar áherslur; fjölbreytilegt landslagið er aðalaðdráttarafli leiðarinnar. Meginhlutverk **innviðauppbyggingar er að auka á þessa náttúruupplifun** með þarfir ferðamanna að leiðarljósi. Þetta eru t.d. örugg bílastæði, merktar gönguleiðir að náttúruundrum, upplýsingagjöf og spennandi hönnun innviða. Markmiðið er að hægt sé að njóta hvers staðar til fullnustu en takmarka umhverfisáhrif.


Öllum upplýsingum er safnað saman í **landfræðilega upplýsingagrunninn** (e. Geographical Information System, kallaður GIS hér eftir). Þetta er gagnvirkt kortakerfi sem sýnir alla staðina sem koma til greina fyrir Norðurstrandarleið og þar er hægt að nálgast upplýsingarnar um þá. Í þessari handbók má finna leiðbeiningar um notkun GIS-grunnsins og hvernig hægt er að nota

hann til að skipuleggja uppbyggingu „áhugaverðra staða“. Þegar uppbyggingu er lokið verður „Norðurstrandarleið“ þekkt fyrir kyngimagnaða náttúru, örugga vegi, innviði sem uppfylla þarfir þeirra ferðamanna og nýstárlega landslagshönnun sem vekur fólk til umhugsunar. Þar verða gjistastaðir, matsölustaðir, gestrisið fólk, afþreying og fjölbreytt upplifun. Við höfum miklar væntingar en teljum að við getum uppfyllt þær líkt og dæmin af vel heppnuðum ferðamannaleiðum frá Noregi og Írlandi sanna. Þar hafa vel skipulagðar og vel hannaðar ferðamannaleiðir bætt ímynd og aukið tekjur sveitarfélaganna sem þær liggja um.

2 HVERS VEGNA ÞARF SKIPULAGÐA UPPBYGGINGU INNVIÐA Á NORÐURSTRANDARLEIÐ?

- a. Norðurstrandarleið er fyrsta skilgreinda ferðamannaleiðin á Íslandi. Innviðirnir eru lykilatriði fyrir þróun hennar og ánægju ferðamanna.
- b. Vel skipulögð uppbygging innviða bætir öryggi leiðarinnar.
- c. Gott framtíðarskipulag er besta tækið til þess að koma í veg fyrir umhverfisspjöll vegna aukningar ferðamanna.
- d. Skipulagsvinnan ætti að taka mið af sérstökum þörfum og áhugasviðum ferðamanna og auka á upplifun þeirra af því sem þeir uppgötva á leiðinni.
- e. Staðsetning sem skilgreind er sem „áhugaverður staður“ eykur aðdráttarafli leiðarinnar, laðar fólk til Norðurlands og tengir hana við sérstöðu Norðurstrandarleiðar, þ.e. orðin „norður“ og „strönd“. Þar eru miðnætursólarstaðir, norðurljósastaðir, útsýnisstaðir, strendur, vitar, sjávarklettar og gönguleiðir.
- f. Skapandi, nýstárleg og sjálfbær byggingarlist á sumum þessara „áhugaverðu staða“ gæti reynst aðdráttarafli í sjálfu sér og þannig aukið á aðdráttarafli svæðisins.

3 ÁVINNINGUR FYRIR SVÆÐIN



ÁVINNINGUR FYRIR SVÆÐIN

- a. GIS Norðurstrandarleiðar er ætlað að **styðja sveitarfélögin í skipulagsvinnunni** og veita þeim yfirsýn yfir verkefnið. Grunninn má nota til þess að bæta Norðurstrandarleið og þróa hana áfram til þess að hún geti orðið fyrirmynd fyrir ferðamannaleiðir á fátörnum svæðum.
- b. GIS Norðurstrandarleiðar og gagnagrunnurinn ættu að **auðvelda skipulagsvinnu sveitarfélaganna** við uppbyggingu innviða á Norðurstrandarleið og umsóknir þeirra um styrki, t.d. til **Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða**.
- c. Þar sem margir staðir á Norðurstrandarleið eru inni í „**DMP-Áfangastaðaáætlun Norðurlands**“ eru einnig upplýsingar um þessa staði í GIS Norðurstrandarleiðar.
- d. GIS Norðurstrandarleiðar **getur hjálpað til við að auka tekjur sveitarfélaganna**. Vel skipulögð ferðamannaleið fær athygli innlendra og alþjóðlegra fjölmiðla og ferðaþjónustufyrirtækja. Lönd eins og Írland og Noregur hafa sýnt fram á að vel úthugaðar og útfærðar ferðamannaleiðir geti skipt sköpum varðandi tekjur og ímynd sveitarfélaga.
- e. GIS Norðurstrandarleiðar er **ekki hugsað sem niðurnjörvað skipulag**. Í grunninum eru tillögur og ábendingar og síðan er það í höndum sveitarfélaganna hvaða staði þau kjósa að byggja upp og með hvaða hætti. Margar af tillögunum komu fram á íbúafundunum sem haldnir voru í öllum sveitarfélögunum árið 2017. Aðrir staðir voru settir inn í grunninn eftir ferðir verkefnastjóra og hluta verkefnastjórnar um Norðurstrandarleið árið 2018.
- f. GIS Norðurstrandarleiðar er ákveðinn **rammi fyrir skipulag Norðurstrandarleiðar** og þar eru allar helstu tillögur og ábendingar. Allir „áhugaverðu staðirnir“ eru **hluti af heildarmynd** og ferðamenn eiga að geta áttað sig á því að staðirnir eru allir hluti af Norðurstrandarleið jafnvel þótt þeir séu í 17 mismunandi sveitarfélögum.
- g. Skipulagið eins og það kemur fram í GIS Norðurstrandarleiðar gefur sveitarfélögunum **rými til þess að koma með eigin hugmyndir**, þ.e. þar eru hvergi nákvæmar leiðbeiningar um hönnun og byggingu bekkja, þrepa, skjólveggja eða borða. En við í verkefnastjórn Norðurstran-
- daleiðar mælumst til þess að skipulag hvers sveitarfélags fylgi almennum ábendingum okkar þannig að „áhuga-verðir staðir“ og „vegvisar og upplýsingaskilti“ á Norðurstrandarleið verði hluti af heildarmynd sem tengir staðina saman. Þetta hjálpar ferðamönnum að staðsetja sig og veitir þeim fullvissu um að þér séu á Norðurstrandarleið.
- h. Norðurstrandarleið leggur áherslu á **auka sjálfbærni** og vill sýna gott fordæmi sem fyrirmyndarverkefni á sviði sjálfbærrar ferðaþjónustu. Við hvetjum því sveitarfélögin að leggja okkur lið með því að byggja upp innviði á eins sjálfbæran hátt og unnt er. Við hvetjum aðila að vera í reglulegum samskiptum við verkefnastjórn svo við höfum yfirsýn og getum nýtt reynslu okkar frá Noregi og Írlandi til að veita aðstoð og koma hugmyndum á framfæri. Upplýsingar um framvindu verkefnisins nýtast okkur einnig í markaðsstarfi okkar sem miðar að því að bæta ímynd svæðisins með sjálfbærri uppbyggingu og vel hönnuðum innviðum.

4 ÁÆTLUN OKKAR UM UPPBYGGINGU INNVIÐA



ÁÆTLUN OKKAR UM UPPBYGGINGU INNVIÐA

Norðurstrandarleið kynnti sér ferðamannaleiðir á Írlandi, í Noregi, Skotlandi og Kanada. Í 9. kafla má finna fjölmörg dæmi um lausnir sem hafa hlotið alþjóðlega viðurkenningu. Fjármögnun er þó með öðrum hætti þar en á Íslandi, sérstaklega á Írlandi og í Noregi. Írland fékk styrk frá ESB vegna ferðaleiðarinnar Wild Atlantic Way og ferðaleiðirnar í Noregi eru skipulagðar af norsku vegagerðinni sem leggur áherslu á að fjárfesta í fallegri byggingarlist sem fær heimsathygli. Innviðaaætlun okkar er undir áhrifum frá Noregi og Írlandi en aðlöguð að aðstæðum á Íslandi.

a. Stefnumörkun Norðurstrandarleiðar er hugsuð sem **langtímaverkefni og að unnið verði að umbótum og uppbyggingu innviða í áföngum**. Því meira sem sveitarfélögin leggja í uppbyggingu „áhugaverðra staða“ því fleiri ástæður fá ferðapjónustufyrirtæki og ferðamenn til þess að skipuleggja ferðir þangað.

b. Þar sem Norðurstrandarleið er ætlað að vera dæmi um sjálfbæra ferðapjónu skal hafa eftirfarandi markmið að leiðarljósi: **Hámarka ánægjuna og lágmarka umh-**

verfisáhrif. Noregur er leiðandi á heimsvísu í landslagshönnun utan alfaraleiðar þar sem innviðir auka á aðdráttarafl staða. Þeir falla inn í landslagið og trufla því ekki náttúruupplifun ferðamanna (sjá 10. kafla). Við viljum hvetja til þess að hönnunin sé **sjálfbær, nýstárleg og skapan-di** og hafi eins lítil áhrif á umhverfið og mögulegt er.

c. Ef **ákveðnar takmarkanir** eru í gildi á einhverjum af stöðunum á Norðurstrandarleið (t.d. á gönguleiðum um varpsvæði) óskum við eftir upplýsingum um slíkt svo hægt sé að taka það fram þegar staðirnir eru auglýstir, t.d. eru llugastaðir á Vatnsnesi lokaðir þegar urturnar kæpa.

d. Við munum halda áfram að þróa upplifanir fyrir samstarfsfyrirtæki Norðurstrandarleiðar. Við viljum gefa ferðamönnum ástæðu til að staldra við og verja tíma á stöðunum á leiðinni, en ekki aðeins auka umferð um svæðið með því að búa til nýja akstursleið. Norðurstrandarleið ætti að vera tekjulind fyrir íbúa og ferðapjónustufyrirtæki. Innviðirnir geta verið upplifun í sjálfu sér og hluti ástæðunnar fyrir því að ferðalangar kjósa að staldra við á ákveðnum stöðum.

e. „Áhugaverðu staðirnir“ eru hluti af **kynningu og markaðssetningu** Norðurstrandarleiðar þar sem þeir auka aðdráttarafl ferðamannasvæðanna þriggja (sjá GIS-kortíð) og leiðarinnar í heild. En það er aðeins hægt að markaðssetja staði þar sem samþykki landeigenda liggur fyrir og staði sem hafa verið byggðir upp með þeim hætti að hægt sé að taka á móti ferðamönnum.

5 SKILGREINING „ÁHUGAVERÐ- RA STAÐA“ OG ÁBENDINGAR VARÐANDI SKIPULAG

„Áhugaverðu staðirnir“ fá ferðamenn til að tengja við sérstöðu Norðurstrandarleiðar, orðin sem mynda nafn hennar: „Norður“ og „strönd“. Þeir auka á upplifun ferðamanna og hvetja þá til þess að nema staðar og verja tíma þar. Þeir eru hluti af aðráttarafli Norðurstrandarleiðar.

Staðir þurfa að uppfylla **tvö skilyrði** til þess að geta flokkast sem „áhugaverður staður“:

- Þeir þurfa að **vera við ströndina** og/eða hafa útsýni yfir sjóinn.
- Samþykki landeigenda er **ófrávíkjanlegt** skilyrði og þarf að skila því skriflega (þegar skriflegt samþykki liggur fyrir getum við sett rafrænt eintak inn í GIS-ið).

Tegundir „áhugaverðra staða“:

- Áningarstaðir:** Bílastæði, oftast fyrir marga bíla, með innviði eins og bekki, borð, upplýsingaskilti og skjólveggi þannig að ferðalöngum finnist ákjósanlegt að staldra þar við um stund.
- Útsýnisstaðir:** Staðir sem eru nú þegar til eða nýjir staðir með fallegu útsýni sem hvetja ferðamenn til þess að nema

SKILGREINING „ÁHUGAVERÐRA STAÐA“ OG ÁBENDINGAR VARÐANDI SKIPULAG

staðar og taka myndir. Þetta ættu m.a. að vera staðir sem eru vinsælir meðal ferðamanna nú þegar, því uppbygging þeirra eykur öryggi á leiðinni.

c. **Miðnætursólarstaðir:** Þessir staðir falla undir sérstæðu upplifunina „norður“. Þeir ættu að hafa óskert útsýni til norðurs svo hægt sé að njóta sólsetursins á sumrin í fallegu landslagi. Það ætti að vera eitthvað sérstakt við hvern þessara staða, t.d. er Grímsey eini staðurinn sem heimsskautsbaugurinn liggur í gegnum, Múlakolla er á fjalli og í Kálfshamarsvík er viti.

d. **Norðurljósastaðir:** Þessir staðir falla undir sérstæðu upplifunina „norður“. Þar ætti helst ekki að vera nein ljósmengun, en öryggi skiptir mestu máli. Staðina þarf að ryðja á veturna.

e. **Strendur:** Þessir staðir falla undir sérstæðu upplifunina „strönd“ og ættu að hvetja ferðamenn til gönguferða eða að setjast niður og horfa út á hafið.

f. **Vitar:** Þessir staðir falla undir sérstæðu upplifunina „strönd“. Einungis þeir vitar sem eru aðgengilegir á bíl eða fótgangandi á löglegan hátt verða markaðssettir sem hluti hennar.

g. **Sjávarklettur:** Þessir staðir falla undir sérstæðu upplifunina „strönd“. Klettarnir eru vinsæl myndefni og líklegir til þess að auka aðdráttarafi svæðisins, t.d. eins og í tilfelli Hvítserks. Þess vegna voru allir sérstæðir sjávarklettur á Norðurstrandaleið merktir inn í GIS-grunninn og sveitarfélögin geta ákveðið hvort og hvernig þau vilja byggja staðina upp.

h. **Gönguferðir:** Þetta eru eitt af aðalaðdráttarafi Norðurstrandarleiðar þar sem gönguleiðir hvetja ferðamenn til þess að hægja á sér og dvelja á stöðum í lengri tíma. Það væri ákjósanlegt að hafa bílastæði við upphafsstað gönguleiðanna og að þær séu stíkaðar.

i. **Göngutúrar:** Þetta eru styttri gönguleiðir, u.þ.b. < 30 mínútur.

Ráðleggingar varðandi skipulag:

a. Vinsamlegast reynið að hafa **gott jafnvægi** milli mismunandi tegunda „áhugaverðra staða“ þannig að allar tegundir séu í boði og að ferðamenn geti upplifað þær allar.

b. Vinsamlegast reynið að setja gönguferðir og umbætur gönguleiða í forgang. Göngferðir eru kjörin afþreying til þess að hægja á ferðamönnum og halda þeim á svæðinu. Hægt að samtvinna þetta verkefni og „gönguleiðaverkefni“ Markaðsstofu Norðurlands.

c. Það eru nokkrir staðir í flokknum „**hár forgangur**“ (sjá „áhugaverðir staðir“ í GIS-grunninum). Við sjáum fyrir okkur að þessir staðir séu líklegir til þess að verða seglar fyrir ákveðin svæði og þar ætti sjálfbær landslagshönnun að verða aðdráttarafi í sjálfu sér (sjá 3., 7. og 10. kafla).

d. Vinsamlegast athugið hvort þarfir Norðurstrandarleiðar fari saman við þarfir annarra verkefna, t.d. fuglastíga, þannig að hægt verði að vinna að þeim í sameiningu og að innviðirnir gagnist báðum verkefnum og takmarki þannig umhverfisáhrif.

SKILGREINING „ÁHUGAVERÐRA STAÐA“ OG ÁBENDINGAR VARÐANDI SKIPULAG

- e. Þegar aðgerðir við uppbyggingu „áhugaverðra staða“ hefjast skal athuga hvort þeir séu hentug staðsetning fyrir „ferðasögubekk“ (sjá hér fyrir neðan).
- f. Vinsamlegast haldið **góðum samskiptum við verkefnastjórn** um framvindu mála. Það er sérstaklega mikilvægt að láta verkefnastjórn vita þegar staðir eru tilbúnir til þess að taka við ferðamönnum svo hægt sé að bæta þeim við í allt markaðsefni.

Ferðasögubekkir

Á Norðurstrandarleið á að hægja ferðina og upplifa landslagið með öllum skilningarvitum. Hugmyndin með „ferðasögubekkjum“ tengist þessu. Bekkir geta verið hannaðir á einfaldan en aðlaðandi hátt, t.d. úr rekaviði, og staðsettir á fáföllum stöðum með stórbrötnu útsýni. Tilgangurinn er að fá fólk til að slaka á, taka sér tíma til að njóta útsýnisins og leggja frá sér snjallsímana. Við bekkina er veðurþolinn kassi með bók þar sem fólk getur hripað niður ferðasögur, haft nokkur orð um tilfinningar sínar, skrifað ljóð eða teiknað myndir sem lýsir upplifun þeirra af staðnum. Þetta tengist íslensku hefðinni fyrir gestabókum á fjallstindum og veitir ferðalöngum innblástur og innsýn í upplifun annarra.



6

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN VEFSJÁRINNAR



LEIÐBEININGAR UM NOTKUN VEFSJÁRINNAR

Vefsjá Norðurstrandarleiðar sýnir **skipulag leiðarinnar og innviða** sem henni tengjast. Þar sjást allir staður sem tilnefndir voru og skoðaðir á samráðsfundum og í könnunarferðum sem áhugaverður viðkomustaðir á Norðurstrandarleið. Vefsjáin er gagnvirk og sýnir upplýsingar sem verkefnisstjórn Norðurstrandarleiðar viðheldur. Upplýsingarnar eru uppfærðar jafnóðum og breytingar verða og þannig má sjá í vefsjálni hver staðan er hverju sinni. **Vinsamlegast komið á framfæri við okkur upplýsingum um allar breytingar sem verða á þessum viðkomustöðum Norðurstrandarleiðar á þínu svæði.**

Vefsjáin gagnast við umsóknir um framlag úr sjóðum, t.d. framkvæmdasjóði ferðamannaáða, enda koma þar fram upplýsingar og yfirsýn yfir staði þar sem uppbyggingar er þörf, ásamt forgangi og hvað þarf til að þeir verði viðkomustaðir á Norðurstrandarleið.

Vísunin hér fyrir neðan veitir aðgang að vefsjálni. Vinsamlegast dreifið henni ekki til óviðkomandi.

<https://geo.alta.is/acw/>

6.1 Um viðmót vefsjárinnar

Þegar vefsjáin opnast blasa við þrjú meginhlutar:

MAIN MENU

INTERACTIVE GIS MAP

TOOLS



Vinstri spássía: Þar er efnisyfirlit og hægt að velja hvað sýnt er á kortinu.

Miðja: Kortið sjálft þar sem hægt er að hliðra og súmma með mús og músarhjól eða með fingrum á snertitækjum

Hægri hlið: Nokkur gagnleg hjálpartæki.

(1) Vegalengdarstika. Þegar súmmað er með súmm-tökunum **(2)** eða á annan hátt breytist vegalengdarstikan til samræmis. Tólin sem merkt eru **(3)** má nota til að mæla **vegalengd, flatarmál** eða sjá **eigin staðsetningu** á kortinu.

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN VEFSJÁRINNAR

6.2 Nánar um efnisyfirlitið

Gráu borðarnir efst snúast um grunnupplýsingar (A):

Um vefsjána: Stutt lýsing og hvernig hafa má samband við verkefnisstjórn Norðurstrandarleiðar.

Velja grunnkort: Hér má velja ólík grunnkort eða loftmynd.

Handbók: Aðgangur að handbók vefsjárinnar.

Um vefsjána

Velja grunnkort

Handbók

A

Skipulag ACW

Skilti

Mörk

Náttúra

B

Fjórir bláir borðar sýna meginflokka gagnanna (B):

Efninu er skipt í fjóra meginflokka sem velja má að sýna á kortinu.

Skipulag ACW: Grunnupplýsingar um leiðina, þ.á.m. legu hennar, vegtegund, snjóruðning og ferðamannasvæðin þrjú. Þar er líka undirflokkurinn “Áhugaverðir staðir” (sjá kafla 6.3).

Skilti: Hér eru upplýsingar um öll skilti sem æskilegast væri að hafa við Norðurstrandarleiðina. Þetta er útgangspunktur í viðræðum við Vegagerðina en ekki endurspeglar ekki ákvarðanir! Með því að velja “in place” í valreitnum sjást þau skilti sem Vegagerðin hefur þegar sett upp (sjá kafla 6.5).

Mörk: Sýnir ýmis stjórnsýslu- og eignamörk.

Náttúra: Sýnir upplýsingar um náttúruverndarákvæði sem gæti skipt máli við útfærslu. Þar má líka birta staði þar sem eru fuglastígar og mögulegt væri að samnýta aðstöðu þessara tveggja verkefna.

Ef hakað er í reitinn við bláu yfirflokkana eru öll gögn í þeim flokki sýnd. Að öðrum kosti má haka við stök atriði í flokknum.

Dæmi:

Hér er ekki hakað við yfirflokkinn heldur valið að sýna aðeins “Arctic Coast Way” og “Ferðamannasvæði”.

▼
☰
Skipulag ACW

Arctic Coast Way
Unnið úr gögnum frá LMI

- Leiðin
- ⋯ Ferjuleið
- Eyjar
- Auka

Slitlag

Vetrarþjónusta

Ferðamannasvæði

- Strönd íslendingasagna og goðafræð
- Strönd sjávarþorpa og sterkrar arfleif
- Strönd óspilltrar náttúru

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN VEFSJÁRINNAR

6.3 Um undirflokkinn “Áhugaverðir staðir”

Undir yfirflokknum “Skipulag ACW” er undirflokkurinn “Áhugaverðir staðir” sem sýndur er með ljósbláum borða. Þar eru staðirnir flokkaðir eftir því hvaða upplifun þeir bjóða, t.d. “áningarstaður”, “miðnætursól” eða “klettur í sjó”.

Allir staðirnir eru sýndir með grænum hring á kortinu. Ef valinn er staður af tilteknu tagi sést rauðgul doppa inni í græna hringnum. Athugaðu að hver staður getur verið af mörgu tagi.

Dæmi

Sýndir eru allir staðir með grænum hringjum.

Rauðgulu doppurnar sýna að auki hverjir þessara staða eru af taginu “klettur í sjó” sem hakað var við í efnisyfirlitinu.

Skjáskotið af kortinu sýnir að þetta á við um þrjá staði: Ánastaðastapa, Hvítserk og Bolabás. Ef smellt er á þessa staði birtast nánari upplýsingar og tillögur um þróun staðanna(sjá kafla 6.4).

Þegar hakað er við “**Allir staðir**” birtist valreitur sem býður upp á þrenns konar sýn á staðina:


Eftir forgangi

Eftir uppbyggingarþörf

Eftir fjármögnun

Hver staður undir “Áhugaverðir staðir” hefur fengið einkunn eftir forgangi og uppbyggingarþörf. Fimm einkunnir eru gefnar, sem sýndar eru með mismunandi litum á kortinu og fá má upplýsingar um ef smellt er á “Nánari táknskýringar

hér”. Þetta er mjög gagnlegt þegar sótt er um fjárframlög úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.



LEIÐBEININGAR UM NOTKUN VEFSJÁRINNAR

6.4 Um upplýsingagluggann

Þegar þú hefur hakað við það sem þú vilt sjá á kortinu má nálgast nánari upplýsingar um hvern stað með því að smella á hann. Þá birtist hringur og kross á kortinu til að sýna hvar var smeltt og upplýsingarnar koma fram á vinstri spássíu um þau atriði sem valin höfðu verið í efnisyfirlitinu og koma við sögu þar sem smeltt var.

Dæmi:

Myndirnar sýna hvernig nánari upplýsingar hafa verið kallaðar fram í vefsíðunni. Efnisyfirlitið sýnir hvaða gögn hafa verið valin til birtingar á kortinu. Síðan hefur verið smeltt á stað sem nefndur er "Við Lambanes" á Langanesi til að fá nánari upplýsingar um þann stað. Í þessu tilfalli koma fram upplýsingar um vetrarþjónustu, ferðamannasvæðið sem staðurinn tilheyrir, að þar megi njóta miðnætursólar og að fuglastígur sé í grennd. Undir "Gátlistar" eru upprunaleg skjöl frá samráðsfundum varðandi staðinn ef hann hefur verið tilnefndur þar. Undir "ATH" eru sértækar upplýsingar og tillögur sem varða þennan viðkomustað.

Ef lítil ljósmynd er sýnd má sjá stærri útgáfu með því að smella á myndina.

Til þess að loka upplýsingaglugganum þarf að smella á krossinn efst til hægri á spássíunni eða smella á annan punkt til að fá hliðstæðar upplýsingar um það sem þar á við.





Norðurstrandarleið

Um vefsíðuna

Veita granntort

Handbók

▼ Skipting ACW

- Arctic Coast Way
- Stílag
- Vetrarþjónusta
 - 75 í viklu
 - 58 í viklu
 - 48 í viklu
 - 38 í viklu
 - 28 í viklu
 - TUJALLIÐI
 - VIÐ JÓL
 - VIÐ ÞEKKI
- Ferðamannasvæði
 - Strönd Miðnætursólar og gönguátt
 - Strönd Spáþjónu og stærktar loft
 - Strönd og þinn náttúra
- ▼ Aðgangur til staða
- Allar staðir
 - Þegar ACW staðir eru valdar eru sýndar staðir sem eru á ACW staðum og hafa ACW staðir á kortinu.
- An aðgreiningar:
 - ACW staðir
 - Árangarskiptur
 - Útjónustastaðir
 - Miðnætursvæði
 - Norðurlýla
 - Stöð
 - Aðgreinilegur við
 - Klíttur í góð
 - Fjallanga
 - Líttir ganga
 - Vitir á Norðurlandi
- Skilti
- Mörk
- ▼ Náttúra
 - Fuglastígur
 - Þróttis svæði við ACW
 - Náttúruminningarsvæði við ACW
 - Mikilvæg fuglasvæði við ACW



Norðurstrandarleið

Handbók

Erfðamannasvæði

Strönd óspilttur náttúra

Aðgangur til staða

Nafn: Við Lambanes

Vegur: 889

Leyfi: já

Fjármagn: nei

Hóttar:

- Miðnætursvæði
- Strönd

Gátlistar:

G297

G297a



Fuglastígur: Miðlungs förgangur

Uppbyggingarþétt: Þarf til að bílastæði

Sjá einnig hér

Þegar auðvelt að komast að fuglasvæðunahúsi en þarf að lagfæra bílastæði. Silja Jóhannesdóttir var með þennan stað í umsókn sinni fyrir uppbyggingu á Norðurstrandarleið.

Salemi: nei

Spurning:

Skilti:

Sveitarfélag:

Langanesbyggð

Fuglastígur

Nafn: Við Lambanes/Sauðanes

Leyfi: yes

7 HUGLEIÐINGAR VARÐANDI HÖNNUN OG UPPBYGGINGU SVÆÐA



HUGLEIÐINGAR VARÐANDI HÖNNUN OG UPPBYGGINGU SVÆÐA

Megin áhersla uppbyggingar innviða á Norðurstrandarleið, auk notagildis þeirra, er sjálfbærni. Í dag er sjálfbærni sjálf-sögd krafa samfélagsins og hefur áhrif á val ferðamanna á ákvörðunarstöðum. Þegar sveitarfélag sýnir fram á sjálfbærni hefur það jákvæð áhrif á ímynd þess og lífsgæði íbúanna.

Grunnskilyrði sjálfbærrar landslagshönnun eru:

- Varkár notkun auðlinda eins og jarðvegs, gróður og vatns.
- Notkun náttúrulegra byggingarefna frá svæðinu sem eru útveguð með sjálfbærum hætti og þarf ekki að flytja langa leið.
- Að stærð innviðanna hæfi tilgangi þeirra og staðsetningu.
- Forðast ónauðsynlegt rask á jarðvegi og takmarka þörf byggingarefna.
- Sjá til þess að viðhald sé einfalt.
- Meðvitund um að útlit innviða eigi að standast tímans tönn.
- Látta hönnun innviðanna falla inn í landslagið í kring.

Noregur er fullkomið dæmi um hvernig hægt sé að **nýta hvern stað til fullnustu**. Við upphaf ferlisins sóttu hönnuðir innblástur til staðareinkenna og andrúmslofts hvers staðar fyrir sig. Á ferðamannaleiðum Norwegian Scenic Routes, hefur hönnuðum tekist að auka áhrif kraftmiklar náttúru með nýstárlegum útsýnisstöðum, áningarstöðum og útsýnisþöllum, sem verða aðdráttarafi í sjálfu sér. Innviðirnir skulu vera **hagnýtir en útlit þeirra frumlegt með sterka tilvísun í staðsetninguna**. Kenningin að nýstárleg byggingarlist laði að ferðamenn **hefur vakið mikla athygli** í Noregi og víðar. Sérstaða er mikilvæg, en innviðirnir þurfa einnig að þjóna **tilætluðum tilgangi**, s.s. sem bílastæði, upplýsingaskilti, sorpílát eða salerni. Við val á **byggingarefni og í byggingarferlinu skal hafa í huga að innviðirnir eigi að auka aðdráttarafi ferðamannaleiðarinnar til framtíðar, þola tímans tönn og þarfnast lítils rekstrar- og viðhaldskostnaðar**.

Á meðan fjöldi áningar- og útsýnisstaða hefur aukist á ferðamannaleiðum Norwegian Scenic Route hefur **jákvæð umfjöllun** aukist að sama skapi, bæði í Noregi og á alþjóðlegum vettvangi, og samhliða því einnig jákvæð áhrif ferðamannaleiðanna á norska ferðapjónustu.

Sjálfbær, skapandi og hagnýt hönnun á ekki aðeins við í stærri framkvæmdum, heldur einnig við byggingu **smærri innviða**: Viðarþrep sem leiða fólk frá bílastæði að bekkjasamstæðu úr rekaviði, girðingu í kringum bílastæði eða undirstöðu upplýsingaskiltis úr náttúrusteini frá svæðinu.

Það er ætlun okkar **að fjárfesta í umhverfisskipulagi fyrir sérvalda staði** á Norðurstrandarleið sem eru líklegir til þess að verða seglar fyrir svæðið og leiðina í heild. Hægt er að efna til samkeppni á hverjum stað líka og gert var í Noregi eða arkitekt verður valinn til að hanna skipulag fyrir alla staðina. Niðurstöðurnar verða birtar í bæklingi með nákvæmu skipulagi uppbyggingar fyrir hvern stað líkt og gert var í fuglastígs verkefninu. Þessar hugleiðingar eru nýhafnar (í mars 2020) og verkefnastjórn Norðurstrandarleiðar mun hafa samband við sveitarfélögin til að fá þeirra álit. Nákvæmt sameiginlegt skipulag myndi létta álagi af sveitarstjórnunum og ef vel tekst til auka líkurnar á að styrktarumsókn þeirra til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða verði samþykkt.

8 RÁÐLEGGINGAR VARÐANDI VEGVÍSA OG UPPLÝSINGASKILTI



RÁÐLEGGINGAR VARÐANDI VEGVÍSA OG UPPLÝSINGASKILTI

Skipulagning og uppsetning skilta á Norðurstrandarleið er í samstarfi við Vegagerðina. Þess vegna eru staðsetningar skilta í GIS-grunninum ætlaðar sem tillögur til grundvallar umræðu, en ekki endanleg staðsetning. Þegar sveitastjórnir setja upp ný skilti viljum við beina því til þeirra að vanda til verka þar sem skilti tryggja að ferðamenn finni rétta leið og þá staði við markaðssetjum sem „áhugaverða staði“ á Norðurstrandarleið. Skilti koma einnig í veg fyrir að bílum sé lagt hættulega og ólöglega á vegum eða í vegkanti og auka þannig öryggi.

Vörður Norðurstrandarleiðar



Til stendur að setja upp “vörðu Norðurstrandarleiðar” á öllum “áhugaverðum stöðum” sem tákn um að ferðamennirnir viti að þeir eru að ferðast um Norðurstrandarleið og hjálpa þeim þannig að staðsetja sig. „Varðan“ þjónar líka markaðslegum tilgangi, t.d. á Instagram, þegar ferðamenn hafa myndmerki (e. logo) skúlptúrsins með á myndum. Skúlptúrin er enn í vinnslu. Hafið samband við okkur til þess að fá nánari upplýsingar um hann.

Upplýsingaskilti Norðurstrandarleiðar.

Hafið þið í hyggju að hanna upplýsingaskilti fyrir sérstakan stað á Norðurstrandarleið, vinsamlegast fylgið eftirfarandi leiðbeiningum um uppsetningu:

Við mælumst til þess að skiltið standi ekki beint upp í loftið heldur sé lítið og hallandi þannig að ferðamenn geti lesið textann og notið landslagsins á sama tíma (sjá mynd).





RÁÐLEGGINGAR VARÐANDI VEGVÍSA OG UPPLÝSINGASKILTI

Hönnun skiltisins fylgi „hallandi skilti 6A“ í bókinni „Handbók um merkingar“ sem var gerð í samstarfi Ferðamálastofu, Umhverfisstofu, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þingvallabjóðgarðs. Stærðin er 1200 x 500 cm.

Verkefnastjórn Norðurstrandarleiðar hefur þróað 2 grunn hugmyndir fyrir upplýsingaskilti sem hægt er að laga að þörfum hvers og eins. Vinsamlegast hafið samband við okkur til að fá aðstoð og nánari upplýsingar um hönnunina.

Tölurnar í skipulaginu útskýra þá þætti sem þurfa alltaf að vera með.



1 Arctic Coast Way
Norðurstrandarleið

2 LOGO

3 MAIN HEADLINE THEME OF THE SIGN

4 NAME OF THE PLACE (OPTIONAL)

5 YOU ARE HERE

6 Don't miss to see:
• Mpire et fuga. N
• Consequas re no
• Camagite fod ca
• bilore et fuga. Ne
• Sonesquias re num andia quor
• veris maio. Hitatunent eum
• inaxima simite conet eum
• veltitas queperum

7 PHOTOS/GRAPHICS

8 ET POS AUT PORIBUS
Sequi ut reptaecepe
natiat. Am ipic tem hitions edisti
ut peditiatus, eium ulparibus,
omnihit et laceptae voluptatur,
reero eostibe aquiate
or aut labore vit faces
t reiusam a aut est,
pic itatur, atia doles
modi.

9 T POS AUT PORIBUS
Qui voles simillitias alitintia po
reped et esecærum aut eius
nonsequ odionsed que sandelic
te eate porist es et evenduntion
eum acest, ut exerio. Nam ilige
ni modiasinvel magnist, sinus
dandis ellam, ut eatio. Ut qui ut
doluptur, sant anitastit, coreri
test reperiorione volum quiam,
sitatium littaest incturestia niam
unt offic testia am verciam labo
rep udigenimus.

10 QR HEADLINE
Orerero tempora con
venis aliquis sum
lore cimped mi, occus
ssimi.
Or quas voluptatem illupicia
quo verestincto et voluptas
nestia dus, illestum, quae aci
doluptur?
Ustem quis aut omniend icitio.
Am et et, conem rest mo molo
reh enihitiat latu? At esse de
volactasped quamusae omm.

11 ccoastway.is


12 TRAVEL GREEN
Please help us keeping Iceland
• The next public toilet is in: xy
xyxyxy
• The next public recycling bins are in: xy
xyxyxyxyxyxy
• Use a campsite for a sleep out under
the stars. Wild camping is forbidden.
• Do not buy bottled water - our tap water
is fresh, clean and drinkable.
• Do not drive off-road. It is strictly
forbidden
• Stay on hiking trails and respect trail
limits to protect vegetation, soil and
wildlife sites
• Respect restricted natural areas during
bird breeding and for eider duck nesting
• Do not damage sensitive moss and
lichen


13 supported by:

- 1 Myndmerki Arctic Coast Way – Norðurstrandarleið
- 2 Pláss fyrir annað vörumerki; t.d. sveitarfélagið, styrktaraðilar.
- 3 Fyrirsögn sem útsýrir þema skiltisins.
- 4 Nafn staðarins þar sem skiltið er
- 5 Kort af Norðurstrandarleið og lítið grænt merki sem sýnir hvar ferðamaðurinn er staðsettur; staðlaður texti sem útskýrir verkefnið stuttlega og verður ekki breytt á milli skilta.
- 6 Pláss fyrir 3 eða 4 hluti sem ferðamaðurinn ætti ekki að fara á mis við á meðan hann ferðast um svæðið og nágrenni. Þetta


- gæti verið upplýsingar um gönguleiðis, sófn, strönd eða eitthvað annað aðdráttarafli sem þið viljið að gesturinn heimsæki.
- 7 Pláss fyrir myndir eða aðra grafík. Notaðu frekar fáar góðar myndir í stað þess að nota margar í verri gæðum.
- 8 Mynd af fánum sem gefa til kynna tungumál textans.
- 9 Almennur texti um þema skiltisins. Textinn ætti að vera stuttur, auðskiljanlegur og gefa fólki góða tilfinningu fyrir staðnum. Forðast langa texta, skipta honum niður með fyrirsögnum, setja jafnvel feitletruð orð inn í textann svo gestirnir geti rennt yfir hann

- og náð mikilvægum skilaboðum fljótt og auðveldlega.
- 10 Hafa pláss fyrir eina sögu frá Norðurstrandarleið og QR kóða. Vinsamlegast verið í sambandi við okkur ef þið hafið áhugaverða sögu frá svæðinu í huga til að setja á skiltin.
- 11 Upplýsingar um heimasíðu Norðurstrandarleiðar.
- 12 Þetta er kassi með upplýsingum um sjálfbærni og ábyrga ferðahegðun. Vinsamlegast fyllið inn upplýsingar við fyrstu tvo punktana um salerni og endurvinnslutunnur.
- 13 Myndmerki Sóknáætlun Norðurlands Vestra og Eystra

1  **Arctic Coast Way**
Norðurstrandarleið

2  **ET POS AUT PORIBUS**
Sequi ut reptaece natiat. Am ipic tem hitions edisti ut pediatiam, eium ulparibus, omnihit et laceptae voluptatur, officitur, corero eos-tibe aequiate parum dolor aut labore vit facestia solorest reusam a aut est, quas volupic itatur, atia doles modi.

Uatlustio, Axime possecae dolum ea que lam, ab invelibus, ut quod quae. Eði nobis sandent vendiam sumqui od es nonseque la sinctia quis vendi optatemquam, ut placid miit digendi antius dolo optatiassiti dempell ab-orior empeliquat porro explabo. Icta nihil num, sam expe consequi atecte entus ratur?

 **ET POS AUT PORIBUS**
Qui voles simillituis alintitia poreped et esecaerum aut eius non-sequa odionsed que sandelic te eate porist es et evenduntion eum acest, ut excerio. Nam iligeni modiasinvel magnist, sinusandis sant anitattist, coreri test reperrorione volum quiam, sitatum iltaest am ver-ciam laborep udigenimus. Agnietur, tem velenim que cus mos et pra sita dolectur, ute aut evendun tinctor aceriuri ut aspeleu.

Prest, to explit eribusci cores dolupis et volesciene cus esciditium quassin totatque consequi dus sit aut ea nonsentur, sincte nam ulpa nobiti dolore-rovit ut ped eictur, antem fuga. Ut autae pro moluptio moluptium necturio-ris auda pa quiandi nectur magnimo luptas molore. m perspiet accum aut omnisci enditae vel illabo. Ficias alit peri reprata dolutaquam.

3 **Take a minute**
Listen to the sounds
Immerse yourself in the colours
Just breath
Just feel
...and collect a livelong memory!

4 **NAME OF THE PLACE (OPTIONAL)**


5 **YOU ARE HERE**

6 **DON'T MISS TO SEE:**
• Mpire et fuga. Nequo dio consequias re num anda
• Campsite fod camping is for-bilore et fuga. Nequo dio
• Sonsequias re num anda quo veris maio. Hitatumet eum imaxima ximinte conet eum velitas quaeperum

7 **QR HEADLINE**
Rum estorerero tempora con nullorem venis aliquis sum ipient. Ullorei cimped mi, occus moditae ssimi.
Ut quas voluptatem ilupicia quo verestincto et voluptas nestia dus, illestrum, quae aci doluptur?
Listem quis aut omniend icitio. Am et et, conem rest mo molo-reh enihilitat latur? At esse de volectasped quamusae omm.

8 **TRAVEL GREEN**
Please help us keeping Iceland clean!
• The next public toilet is in: xyxyxyxyxyxyxyxy
• The next public recycling bins are in: xy-xyxyxyxyxyxyxy
• Use a campsite for a sleep out under the stars. Wild camping is forbidden.
• Do not buy bottled water - our tap water is fresh, clean and drinkable
• Do not drive off-road. It is strictly forbidden
• Stay on hiking trails and respect trail limits to protect vegetation, soil and wildlife sites
• Respect restricted natural areas during bird breeding and for eider duck nesting
• Do not damage sensitive moss and lichen

9 **arcticcoastway.is**

10 supported by: 

11 **LOGO**

Önnur hönnun skilta er fyrir staði sem bjóða uppá einstakt útsýni. Þessi skilti gefa ferðamönnum kost á að njóta landslagsins á ljóðrænni hátt.

1 Myndmerki Norðurstrandarleiðar.

2 Stuttur texti á íslensku og ensku sem lýsa landslaginu sem blasir við.

3 Staðlaður texti sem kemur skilaboðum um „slow travel“ til skila sem er einmitt það sem Norðurstrandarleið stendur fyrir. Vinsamlegast breytið ekki þessum texta.

4 Nafn staðarins sem skiltið er.

5 Kort af Norðurstrandarleið or græn ör sem sýnir núverandi staðsetningu. Stuttur staðlaður texti sem útskýrir stuttlega verkefnið.

6 Pláss fyrir 3 eða 4 hluti sem ferðamaðurinn ætti ekki að fara á mis við á meðan hann ferðast um svæðið og nágrenni. Þetta gæti verið upplýsingar um gönguleiðis, söfn, strönd eða eitthvað annað aðdráttarafi sem þið viljið að gesturinn heimsæki.

7 Hafa pláss fyrir eina sögu frá Norðurstrandarleið og QR kóða. Vinsamlegast verið í sambandi við okkur ef þið hafið áhugaverða sögu frá svæðinu í huga til að setja á skiltin.

8 Þetta er kassi með upplýsingum um sjálfbærni og ábyrga ferðahæðun. Vinsamlegast fyllið inn upplýsingar við fyrstu tvo punktana um salerni og endurvinnslutunnur.

9 Upplýsingar um heimasíðu Norðurstrandarleiðar

10 Myndmerki Sóknáætlunar Norðurlands Vestra and Eystra. Það er einnig pláss fyrir myndmerki sveitarfélagsins þar sem skiltið er staðsett.

9 ÁBENDINGAR VARÐANDI SALERNI OG SORPÍLÁT:

Salerni:

Aðgangur að salerni flokkast sem grundvallarþjónusta á ferðamannaleiðum. Salerni eru nauðsynleg til þess að halda umhverfinu hreinu og hluti af þróun í átt að sjálfbærri ferðaþjónustu. Fyrst og fremst þjóna þau þörfum ferðamanna og bera vott um gestrisni heimamanna.

Sem fyrirmyndarferðamannaleið ætti Norðurstrandarleið að vera leiðandi á Íslandi í því að setja upp salerni. Norðurstrandarleið er tiltölulega fáfarin og því er ástandið ekki alvarlegt ennþá. Nú er tækifæri til þess að **setja upp þessa nauðsynlegu innviði áður en ástandið versnar**. Snyrtingar er hægt er að nota sem **tæki til að stýra** því hvar ferðamenn stoppa og hjálpa til við að skapa jákvæða ímynd af svæðinu. Ferðamenn og fjölmiðlar sem sækja staðina heim segja frá sinni upplifun, m.a. á samfélagsmiðlum. Með því að halda náttúrunni hreinni hjálpa salerni einnig til við að auka **lífsgæði heimamanna**.

Sem stendur eru salerni á Norðurstrandarleið aðeins að finna á einkareknum stöðum eins og veitingastöðum, gistiheimilum, tjaldstæðum og bensinstöðvum. Snyrtingarnar á þes-

ÁBENDINGAR VARÐANDI SALERNI OG SORPÍLÁT:

sum þjónustustöðvum geta ekki flokkast sem almennings-salerni vegna þess að þau eru fyrir viðskiptavini. Í könnun sem **Efla gerði fyrir Stjórnstöð ferðamála árið 2016** kom fram að heilbrigð meðalmanneskja þarf að nota salerni á u.þ.b. þriggja tíma fresti.

Vaxandi eftirspurn leiðir af sér aukið álag á náttúruna og hefur áhrif á ímynd Íslands. Við viljum vera sjálfbær áfangastaður sem uppfyllir þarfir ferðamanna á fullnægjandi hátt. Þess vegna hvetjum við sveitastjórnir til þess að fjárfesta í þessum mikilvæga hluta ferðamannastaða. **Tvær leiðir** eru færar til þess að uppfylla aukna þörf fyrir salerni:

- 1) Ódýrari lausn eins og ferðaklósett sem er auðvelt og fljótlegt að koma fyrir sem tímabundinni lausn á fáfamari stöðum.
- 2) Láta hanna nýstárlegar og fallegar snyrtingar sem gætu orðið aðdráttarafli fyrir svæðið og laðað að fleira ferðafólk.

Salerna er helst þörf:

- Á stöðum sem nú þegar laða að fjölda ferðamanna.
- Á stöðum þar sem fjöldi ferðamanna mun líklega aukast í náninni framtíð.
- Á stöðum þar sem ferðamenn staldra lengur við og þurfa líklega að létta á sér (t.d. á bílastæðum við upphaf gönguleiða).
- Á stöðum sem þjóna tveimur eða fleiri verkefnum, t.d. fuglastígur og Norðurstrandarleið.
- Ákjósanlegt er að salernin búi yfir sjálfvirkri hreinsunartækni þannig að ræstþjónusta sé í lágmarki.
- Salernin þurfa að vera opin allan ársins hring og byggð fyrir notkun á veturna.
- Það þarf að vera skýrt hvar eigi að leggja til að takmarka álag á náttúruna.

Til umhugsunar: *Reynsla skipuleggjenda ferðamannaleiðanna Norwegian Scenic Routes:*

Við spjölluðum við Trine Kanter Zerwekh, kynningarstjóra hjá norsku vegagerðinni, til þess að fá innsýn í reynslu þeirra af uppbyggingu áningarstaða á ferðamannaleiðum síðustu 25 ár. Hér eru meginatriðin:

- Reynsla okkar af umgengni ferðamanna á áningarstöðum í Noregi er mjög jákvæð. Auðvitað ganga sumir illa um, **en ef gæði snyrtinganna eru há** eru gestirnir líklegri til þess að sýna staðnum virðingu og ganga vel um.
- Það er mikilvægt að **upplýsa gesti** um hvernig nota eigi salernin „rétt“.
- Á Norwegian Scenic Routes er **hönnun salerna hefðbundin** á þeim stöðum þar sem hægt er að tengja þau við vatn og rafmagn. Viðkomandi sveitarfélag sér þá um þjónustu. Á stöðum þar sem ekki er aðgangur að rafmagni hafa sólarþiljur oft verið settar upp. Ferðaleiðirnar eru enn í þróun og mögulega þarf að þróa óhefðbundnar lausnir fyrir salerni utan alfaraleiðar, þar sem erfitt er að útvega þjónustu, vatn og rafmagn.

ÁBENDINGAR VARÐANDI SALERNI OG SORPÍLÁT:

- Notkun salerna er alltaf **ókeypis**. Á sumum stöðum er tekið gjald fyrir bílastæði, þar sem bílastæði eru stór og á landi í einkaeigu. Gjaldið er notað fyrir viðhald salerna. Þetta fyrirkomulag er útskýrt á upplýsingaskilti og flestir sýna því skilning.
- Mikilvægt er að það sé skýrt hver **ábyrgðaraðili** hvers staðar sé.
- Að utan bera byggingarnar vott um „**listfengni og fallega hönnun**“, en að innan eru „**hagkvæmni og notagildi**“ höfð að leiðarljósi. Að innan eru snyrtingarnar hannaðar samkvæmt hagkvæmum stöðlum og notagildi þeirra skiptir mestu máli. Salernisskálar og handlaugar þurfa að vera endingargóðar, einfaldar í notkun og auðveldar í þrífum og viðhaldi. Einnig þarf að koma skýrt fram hver ábyrgðaraðili sé og þar þurfa að vera leiðbeiningar fyrir ræstingafólk.
- Meginniðurstaðan frá Noregi er þessi: Ef ekki er til fjármagn fyrir snyrtingum ætti ekki að auglýsa staðinn sem stórt aðdráttarafi fyrir gesti.

Sorpílát:

Norðurstrandarleið liggur að mestu í gegnum fáfarin svæði þar sem ekki er hægt að tryggja aðgang að sorphirðu sveitarfélaganna eða Vegagerðarinnar. Við leggjum til að setja aðeins upp sorptunnur þar sem öruggt er að þær verði tæmdar. Það er okkar trú að flestir ferðamenn taki með sér ruslið ef ekki er hægt að losa sig við það á bílastæðum. Ef sorpílát eru á staðnum henda ferðamenn ruslinu sínu þar, sama hversu full ílátin eru. Þetta gæti leitt til meiri mengunar en ef engin ílát væru fyrir hendi.

Á „áhugaverðum stöðum“ þar sem ekki er aðgangur að sorphirðu mælum við með því að **greinagóðum upplýsingum** sé komið á framfæri um hvar hægt sé að finna næstu endurvinnslustöð og hvernig eigi að flokka rusl. Hvetja ætti ferðamenn til þess að halda umhverfinu hreinu á vingjarnlegan og upplýsandi hátt.



10 DÆMI UM LANDSLAGSHÖNNUN SEM LAÐAR AÐ FERÐAMENN



DÆMI UM LANDSLAGSHÖNNUN SEM LAÐAR AÐ FERÐAMENN

Meðfylgjandi myndum er ætlað að veita innblástur fyrir sjálfbæra landslagshönnun á ferðamannaleiðum. Flest þessara dæma eru frá Norwegian Scenic Routes leiðunum. Jafnvel þótt aðstæður séu aðrar í Noregi en á Norðurstrandarleið geta myndirnar veitt innblástur fyrir uppbyggingu staða í flokkunum „þarf hönnun og aðstöðu“ og „þarf minniháttar aðstöðu“ (sjá GIS Norðurstrandarleiðar).

Við mælumst til þess að fjárfest verði í sameiginlegu umhverfisskipulagi fyrir nokkra „áhugaverða staði“ á Norðurstrandarleið. Þessir staðir gætu orðið frumraun í skapan-di hönnun innviða á ferðamannaleiðum á Íslandi, en fyrst og fremst ættu þeir að nýtast sem aðdráttarafli til þess að laða ferðamenn til fáfarnari svæða og veita þeim ánægju af góðum innviðum meðal á dvöl þeirra stendur.

Bekkir til að slaka á og njóta útsýnisins

Bekkir og borð hvetja ferðamenn til þess að hvíla sig um stund, verja tíma á ákveðnum stað, njóta útsýnisins og slaka á. Þetta geta annað hvort verið bekkir einir og sér á hentugum stöðum til að fá sér sæti eða bekkir og borð saman þar sem þægilegt er að fá sér nesti. Þeir geta verið af staðlaðri

hönnun eins og bekkirnir sem Vegagerðin setur upp eða listaverk sem veita staðnum sérstakt yfirbragð og gerir hann eftirminnilegan. Bekkir og borð geta einnig verið tæki til að stýra því hvar ferðamenn setjast, því þá setjast þeir síður á jörðina á viðkvæman mosa eða annan gróður.



@ David Tubridge Designs
Bekkur úr rekaviði á strönd í Nýja-Sjálandi.



@ Jarle Wähler
Bekkur í Hågå í Eide á Norwegian Scenic Routes.

I Hellåga á Norwegian Scenic Routes eru bekkir og borð úr náttúrusteini frá svæðinu sem hvetur ferðafólk til þess að fá sér sæti. Steinþrep auðvelda þeim að komast niður að sjó á öruggan hátt.



@Steinar Skaar/Statens
vegvesen (vinstri og hægri)



@Steinar Skaar/Statens
vegvesen (vinstri og hægri)

DÆMI UM LANDSLAGSHÖNNUN SEM LAÐAR AÐ FERÐAMENN

Næstu sex myndir eru dæmi um bekki á Norwegian Scenic Routes í Noregi. Þeir eru vel heppnuð blanda af listaverki og hagnýtum hlut. Þeir eru innblásnir af einkennum og andrúmslofti hvers staðar fyrir sig og sýna fram á hvernig landslag nýtist við hönnun innviða. Hönnunin gerir stöðunum góð skil, jafnvel þótt þetta séu „aðeins“ bekkir og borð. Með endingargóðum byggingarefnum standast bekkirnir tímans tönn og þurfa lítið viðhald.



DÆMI UM LANDSLAGSHÖNNUN SEM LAÐAR AÐ FERÐAMENN

Þrep og stígar veita aðgang að áfangastöðum

Þrep og stígar eru mikilvægir til að tryggja öruggan aðgang að ferðamannastöðum eins og ströndum, vitum, og klettum. Þeir eru líka öflugt tæki til þess að leiða ferðamenn rétta leið í gegnum viðkvæman gróður og styðja þannig við sjálfbæra ferðabjónstu. Með skapandi hönnun geta þeir jafnvel orðið listaverk og ýtt undir mikilfenglega upplifun ferðamanna af staðnum.

Á Skyline Trail ferðamannaleiðinni á Breton-höfða í Nova Scotia, Kanada. Viðarþrep tengja litla viðarpalla með einföldum bekkjum þar sem hægt er að setjast niður, hvíla sig og njóta útsýnisins.

Viðarstígar liggur frá bílastæðinu nálægt aðalvegnum til áfangastaðanna í Rambergstranden og Austadfjorden á Norwegian Scenic Routes. Þannig er gróðrinum hlíft, ferðamenn eru leiddir rétta leið og bílastæðið truflar ekki upplifunina af stórbrotni náttúrunni því það sést ekki frá útsýnisstaðnum.



@theplanetd.com



@Steinar Skaar /Statens Vegvesen (hægri)



@Jarle Wæhler (vinstri)

DÆMI UM LANDSLAGSHÖNNUN SEM LAÐAR AÐ FERÐAMENN

Þrep úr náttúrusteini auðvelda ferðafólki í Hellåga að ganga yfir torfært svæði og það sama gildir um þrepin sem liggja niður að grýttri ströndinni. Í báðum tilvikum bæta innviðirnir upplifun ferðamanna af stöðunum.



Á Ureddplassen og Tungeneset á Norwegian Scenic Routes er staðsetningin nýtt til fullnustu. Þar eru innviðirnir stórkostleg blanda af notagildi og byggingarlist og veita ferðamönnum aukna ánægju af því að heimsækja þá, jafnvel þótt þetta séu „aðeins“ innviðir.



DÆMI UM LANDSLAGSHÖNNUN SEM LAÐAR AÐ FERÐAMENN

Áningarstaðir og salerni sem auka á ánægju dvalarinnar

Áningarstaðirnir og salernisklefanir á Norwegian Scenic Routes (sjá myndir hér fyrir neðan) eru hannaðir til þess að falla inn í landslagið með efniviði sem leggur áherslu á séreinkenni þess, eins og náttúrusteini eða viði úr nærumhverfi. Umhverfið endurspeglast í hönnuninni með sérstakri lögun eða formum sem fyrirfinnast í landslaginu í kring. Á áningarstaðnum á Aurlandsfjellet eru sólarþiljur notaðar til að framleiða rafmagn.



@Gösta Reinland (vinstri)



@Werner Harstad (hægri)



@Roger Ellingsen/Statens vegvesen, (vinstri)



@Roger Ellingsen/Statens vegvesen, (vinstri)



@Per Ritzler/Statens Vegvesen (vinstri)



@Steiner Skaar/Statens vegvesen (vinstri)



@Gösta Reinland (vinstri)



@Therese Ruud (hægri)

DÆMI UM LANDSLAGSHÖNNUN SEM LAÐAR AÐ FERÐAMENN

Ureddplassen er áningarstaður í Lofoten á einni af ferðamannaleiðum Norwegian Scenic Routes. Á staðnum er snyrting sem auðvelt er að halda hreinni árið um kring, bílastæði, bekkir og borð, og þrep til að komast niður að strönd. Þetta er eitt af áhrifamestu dæmunum um fallega landslagshönnun ferðamannainviða Norwegian Scenic Routes.

Allar myndir @Steinar Skaar/Statens Vegvesen



Áningarstaðurinn á Bukkekjerka/Andøya er annað áhrifamikið dæmi um landslagshönnun á Norwegian Scenic Routes.



@Silja Lena Loken/Statens vegvesen (vinstri)



@Hugo Farmego

DÆMI UM LANDSLAGSHÖNNUN SEM LAÐAR AÐ FERÐAMENN

Innblástur fyrir „áhugaverða staði“, s.s. miðnætursólar-, norðurljósastaði og strendur

Margir af „áhugaverðu stöðum“ á Norðurstrandarleið eru flokkaðir sem „miðnætursólarstaðir“ eða „norðurljósastaðir“. Á þessum stöðum er kjörið að staldra við og taka sér tíma til að njóta ljósaýningar á himinhvolfinu. Einnig á öðrum „áhugaverðum stöðum“, t.d. á ströndum og við vita, getur spennandi landslagshönnun aukið á upplifunina. Þarfir ferðamanna skal hafa í huga, sem og hvernig auka megi á upplifun þeirra af á þessum stöðum með innviðum. Þetta gæti verið bekkur, listaverk eða skjólveggur. Listaverk auka á upplifun staða eins og þessi dæmi á Norwegian Scenic Routes sýna:



„Steilneset“ í Vardø;
@Helge Stikbakke,
Steilneset í Vardø



DÆMI UM LANDSLAGSHÖNNUN SEM LAÐAR AÐ FERÐAMENN

Keppnin „International Winter Station“ er haldin árlega í Toronto, Kanada, en þar er keppt í byggingarlist. Dæmin hér fyrir neðan sýna hvernig hægt er að njóta þess að ganga með ströndinni, setjast niður og dást að landslaginu, jafnvel á köldum vetrardögum.



DÆMI UM LANDSLAGSHÖNNUN SEM LAÐAR AÐ FERÐAMENN

Hafa þarf í huga að fólk vill gefa sér góðan tíma til þess að njóta miðnætursólarinnar og norðurljósanna. Kofar ættu að vera notalegir og fallega hannaðir og skjólveggir við bekki og borð þannig að hægt sé að njóta þessara ógleymanlegu fyrirbæra við Norðurstrandarleið á sem þægilegastan hátt.



@by Tormod Amundsen/BJotop; Skjólveggur í Kongsfjörð, Noregi



@by 70N Arkitekter; Skjólveggur fyrir hjólfélagafólk í Grunnfjörð, Noregi



@Spinn Arkitekter; mynd: Tor Even Mathisen; Kofi fyrir göngufólk nálægt Hammerfest. Frá Norwegian Trekking Association



@Anže okl; Skuta, fjallakofi í slóvensku Ólpunum